

Flokkur D:	kr. 70.000 á ári
Flokkur E:	kr. 100.000 á ári
Flokkur F:	kr. 150.000 á ári

Hreppsnefnd raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra og magni sorps.

B. Sorphreinsun:

Sótt vikulega í íbúðarhús kr. 3.000 á ári.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af hreppsnefnd Skeiðahrepps, er sett samkvæmt samþykkt fyrir sorphirðu hjá Skeiðahreppi, nr. 925/1999 og 25. gr. laga nr. 7/1998 með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir sorphirðu í Skeiðahreppi.

Skeiðahreppi, 30. desember 1999.

Sveinn Ingvarsson oddviti.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Blikastaðasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Blikastaðasjóður. Heimili hans er að Hvanneyri í Borgarfirði. Stofnandi sjóðsins er Sigsteinn Pálsson, fyrrverandi bóndi á Blikastöðum í Mosfellssveit og fjölskylda hans. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Helgu Jónínu Magnúsdóttur, fyrrverandi húsfrú á Blikastöðum og hjónin Þ. Magnús Þorláksson og Kristínu Jósafatsdóttur fyrrum ábúendur þar.

2. gr.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 10.000.000 -tíumilljónirkróna- og má eigi skerða höfuðstól þennan. Sjóðinn má auka með gjöfum og áheitum.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja nemendur sem lokið hafa háskólanámi frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri til framhaldsnáms erlendis eða til rannsókna í landbúnaðarvísindum eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður. Einnig er stjórn sjóðsins heimilt að verðlauna nemendur Landbúnaðarháskólans fyrir framúrskarandi árangur á burtfaraprófi.

Styrkveitingar fari fram í júnímánuði og umsóknir um styrki skulu hafa borist stjórn sjóðsins fyrir 1. júní ár hvert.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn.

Rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, og er hann formaður stjórnar.

Einn tilnefndur til fjögurra ára í senn af háskólaráði Landbúnaðarháskólans. Ekki er heimilt að tilnefna sama mann oftari en tvisvar.

Einn upphaflega skipaður til fjögurra ára af stofnendum sjóðsins, en síðar tilnefndur til sama tíma af stjórn sjóðsins úr hópi stofnenda eða afkomenda þeirra. Ekki má tilnefna þennan mann oftari en þrisvar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans og skal ávaxta hann í verðtryggðum skuldabréfum, spariskírteinum ríkissjóðs eða með öðrum þeim hætti sem sjóðstjórn er sammála um að telja jafn öruggan. Skýrslu um starfsemi sjóðsins ásamt reikningum skal birta í ársskýrslu skólans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af eftirlitsmönnum opinberra sjóða og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Verði sú breyting á hlutverki og rekstri Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri að breyta þurfi skipulagsskrá þessari til þess að sjóðurinn nái tilgangi sínum skal stjórn það heimilt enda sé það samhljóða álit hennar.

7. gr.

Verði starfsemi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri lögð niður skulu eignir sjóðsins renna til sambærilegra verkefna við aðrar háskólastofnanir eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. desember 1999.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 8.463 á íbúð, m.v. 240 l tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar kr. 11.783 m.v. 240 l tunnu (lágmarkseining á hvern matshluta fasteignar). Gjaldið skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.500 með vsk. á ári, kr. 958 pr. mánuð.

Leiga 1.100 lítra kerja er kr. 12.900 með vsk. á ári, kr. 1.075 pr. mánuð.